

LÖG

um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, og lögum um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála, nr. 49/2016 (fjöldi hæstaréttardómara, meðferð ólokinna sakamála).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal frá gildistöku laga þessara ekki skipað í embætti hæstaréttardómara sem losna fyrir en þess gerist þörf til að fjöldi hæstaréttardómara verði sjö.

II. KAFLI

Breyting á lögum um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig), nr. 49/2016, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir 51. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðsins „Dómstólaráð“ í 3. mgr. 123. gr. laganna kemur: Dómstólasýslan.

3. gr.

Við 59. gr. laganna bætist nýr liður, svohljóðandi:

Í stað orðsins „Hæstiréttur“ í 3. mgr. 202. gr. laganna kemur: Landsréttur.

4. gr.

1. mgr. 78. gr. laganna, sbr. 76. gr. laga nr. 117/2016, orðast svo:

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2018. Þau taka ekki til ólokinna mála sem skotið hefur verið til Hæstaréttar með kæru við gildistöku þeirra. Þá taka þau ekki til ólokinna einkamála sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar við gildistöku. Um meðferð þessara mála fer eftir eldri lögum eftir því sem átt getur við. Eftir ákvörðun forseta Hæstaréttar er heimilt að þrjú dómara skipi dóm í málum sem skotið hefur verið til réttarins áður en lög in öðlast gildi. Þau sakamál sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar fyrir gildistöku laganna og ekki er lokið við gildistöku þeirra skulu upp frá því rekin fyrir Landsrétti eftir lögum þessum. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt. Ef efni eru til skal mál tekið fyrir á dómþingi skv. 3. mgr. 204. gr. laga um meðferð sakamála til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess sem þar greinir.

Nr. 53

14. júní 2017

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Sigríður Á. Andersen.

—————
A-deild – Útgáfud.: 19. júní 2017